

Loftslagsstefna Vesturbyggðar

Vesturbyggð leggur áherslu á að taka þátt í aðgerðum í loftslagsmálum með ábyrgum og raunhæfum hætti. Markmið sveitarfélagsins er að draga úr umhverfisáhrifum eigin rekstrar og stuðla að sjálfbærri þróun, í samræmi við lög, stefnu stjórnvalda.

Fyrsta skref loftslagsstefnu Vesturbyggðar er að í lok árs 2026 verði komin næg gögn fyrir árin 2024 - 2026 úr loftslagsbókhalda Klappa svo hægt verði að sjá raunlosun vegna reksturs sveitarfélagsins niður á staka losunarþætti og nota sem viðmiðunargildi fyrir umbætur.

Framtíðarsýn

Vesturbyggð er til fyrirmyndar í loftslagsmálum og hefur dregið markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri sínum og þeim áhrifum sem losunin hefur í för með sér með notkun á virku umhverfisstjórnunarkerfi. Vesturbyggð leggur sitt af mörkum til að markmiðum Parísarsamningsins ásamt öðrum alþjóðaskuldbindingum sé náð og tekur þannig virkan þátt í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.

Yfirmarkmið

Vesturbyggð stefnir að því að vera kolefnishlutlaust sveitarfélag árið 2045. Árið 2030 hefur losun verið minnkuð um 5% m.v. viðmiðunartölur frá 2026. Á hverju ári verður samdráttur í losun og unnið að mótvægisáðgerðum.

Losunarþættir

Stefnan nær til

- Innkaupa á jarðefnaeldsneyti vegna reksturs sveitarfélagsins t.d. á bifreiðar og tæki fyrir hvers kyns umhirðu innan sveitarfélags, s.s. götusópun, úrgangshirðu, skólaakstur, snjómoksturstæki, o.fl.
- Óbeinna innkaupa jarðefnaeldsneytis t.d. flug starfsfólks, notkun bílaleigubíla og leigubíla. (Ef mögulegt er ætti einnig að áætla innkaup jarðefnaeldsneytis í verkefnum sem eru boðin út en tengjast daglegum rekstri, eins og sorphirðu).
- Orku (öll raforka og hitaveita sem keypt er beint eða greitt fyrir í gegnum leigusamninga).
- Úrgangs, þ.e. úrgangur sem fellur til vegna eigin reksturs.

Önnur markmið stefnu

Stefnan nær einnig til

- Viðhorfsbreytinga til samgangna starfsmanna varðandi lýðheilsu, orkusparnað og vellíðan.
- Aukinnar fræðslu þ.e. leiðir til úrbóta og fræðsla um aðgerðir vegna loftslagsbreytinga.
- Starfsemi og ákvarðanir sveitarfélagsins byggja ávallt á grænum áherslum.

Gildissvið

Stefnan nær til allrar starfsemi Vesturbyggðar, þ.e. stjórnunar- og fræðslustarfsemi sveitarfélagsins, reksturs skóla- og íþróttamannvirkja, sundlauga, bókasafna, skrifstofa, reksturs áhaldahúss, sorphirðu o.s.frv.

Kolefnisjöfnun

Vesturbyggð leggur áherslu á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá eigin rekstri. Eftir því sem þróun í loftslagsbókhaldi og aðgengi að lausnum leyfir verður einnig litið til kolefnisjöfnunar eða annarra mótvægisaðgerða til að mæta þeirri losun sem eftir stendur, með hliðsjón af fjárhagslegum og tæknilegum forsendum hverju sinni.

Eftirfylgni

Loftslagsstefna Vesturbyggðar er rýnd á hverju ári af skipulags og umhverfisráði og yfirmarkmið og undirmarkmið uppfærð með tilliti til þróunar í losun gróðurhúsalofttegunda á milli ára. Fylgst verður náið með árangri með notkun á öflugu umhverfisstjórnunarkerfi og tilheyrandi losunarbókhaldi og grænu bókhaldi. Stefnan verði endurskoðuð á 3 ára fresti. Stefnan er samþykkt af bæjarstjórn og aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins. Upplýsingum um árangur aðgerða er miðlað á heimasíðu sveitarfélagsins eins og kostur er

Tenging við aðrar skuldbindingar og stefnumótun

Stefna þessi styður við Grænfánaverkefni Tálknafjarðarskóla, umhverfisstefnu hafna í sveitarfélaginu og RECET Evrópuverkefni um orkuskipti í strjábýlum byggðum í samstarfi við Vestfjarðastofu ([RECET](#)). Stefnan tengist samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð og svæðisáætlun Vestfjarða um úrgangsmál. Einnig tengist þessi stefna yfirlýsingu um kolefnishlutlausu Vesturbyggð fyrir árið 2045 og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í loftslags- og umhverfismálum.

Samþykkt í bæjarstjórn Vesturbyggðar 13. maí 2026